

Föstudaginn 25. apríl 1941.

Nr. 72/1940. H/f Fiskimjöl (Theódór B. Lindal)  
gegn

**Sigurði Hallbjarnarsyni**

(cand. jur. Egill Sigurgeirsson).

Skuldaskil vélbáta. Endurgreiðsla víxilfjárhæðar.

### Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. júlí f. á. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að málsúrslit verði lätin velta á eiði stefnda um það, að hann hafi samþykkt víxil þann, er í málinu greinir, fyrr en gengið var frá skuldaskilum hans þann 11. desember 1937. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Loforð stefnda, það er í þessu máli greinir, verður ekki samrýmt því markmiði, sem lög nr. 99 frá 1935 stefna að, og er þegar af þeirri ástæðu ógilt. Ber því að staðfesta greiðsluákvæði héraðsdómsins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en áfrýjandi greiði stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, H/f Fiskimjöl, greiði stefnda, Sigurði Hallbjarnarsyni, kr. 2838.70 með 5% ársvöxtum frá 11. maí 1940 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði falli niður, en áfrýjandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefni 15. maí 1940 af Sigurði Hallbjarnarsyni, útgerðarmanni á Akranesi, gegn h/f. Fiskimjöl hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3173.30 með 6% ársvöxtum frá 9. maí 1940 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Atvik máls þessa eru þau, að á árinu 1937 leitaði stefnandi aðstoðar Skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda um uppgjör og lagfæringu skulda sinna.

Gaf stjórn skuldaskilasjóðs út innköllun á venjulegan hátt til skuldheimtumanna stefnanda. Meðal þeirra, er lýstu kröfum á hann, var H/f Fiskimjöl hér í bænum, stefndur í máli þessu. Stóð svo á því, að árið 1933 hafði stefnandi keypt m/b Björgvin, sem nú hét m/b Bára, af Birni nokkrum Benediktssyni o. fl. fyrir kr. 35000.00 og tók þá að sér að greiða skuld við stefndan, að fjárhæð kr. 30000.00, er hvíldi á bátnum með fyrsta veðrétti. Þegar stefndur lýsti kröfu sinni til skuldaskilasjóðs, hafði stefnandi vanhaldið afborgunarákvæðin um skuldina, en þó greitt af henni vexti, og nam skuldin kr. 24920.00 samkvæmt kröfulýsingunni. Er innköllunarrestur var liðinn, samdi skuldaskilasjóður frumvarp til skuldaskila fyrir stefnanda. Námu eignir hans samkvæmt því eftir mati kr. 78125.00. Var m/b Bára þar talin kr. 19400.00 virði. Skuldir námu kr. 106689.72. Samkvæmt frumvarpinu skyldu kr. 14503.20 hinnar veðtryggðu skuldar greiddar stefnanda að fullu í peningum, en kr. 10416.80 af henni skyldu skoðast óveðtryggðar og greiða með 2%, eða kr. 208.34, sem fullnaðargreiðslu.

Eins og venja var til, var frumvarp þetta lagt fram á fundi, er skuldaskilasjóður hélt með lánardrottnum stefnanda og umboðsmönnum þeirra. Var sá fundur haldinn 10. desember 1937. Mætti þar lögfræðingur af hálfu stefnds, en áður en kom til atkæðagreiðslu, virðist framkvæmdastjóri hins stefnda félags hafa komið sjálfur á fundinn. Var fundinum þá, að því er virðist, eftir beiðni framkvæmdarstjórans frestað um hálfu klukkustund, og vék framkvæmdarstjórinn á brott á meðan. Þenna frest notaði framkvæmdarstjórinn til að hafa tal af stefnanda, en hvað þeirra fór á milli, er ekki tryggilega upplýst í máli þessu, og eru aðiljar mjög ósammála um það.

Skýrir stefnandi svo frá, að framkvæmdarstjórinn hafi lagt fyrir sig vixil, að upphæð kr. 2448.40, en það var helmingur þeirrar fjárhæðar, kr. 4896.80, er samkvæmt skuldaskilafrumvarpinu hvíldi með lögveðsrétti á m/b. Bára, og hafi framkvæmdarstjórinn heimtað af sér, að hann samþykkti vixilinn. Kveðst stefnandi hafa verið ófús til að samþykkja vixilinn, en þó hafa látið undan hótunum og nauðung framkvæmdarstjórans, er m. a. hafi hótað sér, að ef hann ekki samþykkti vixilinn, myndi stefndur ekki samþykkja skuldaskilin,

og kveðst stefnandi hafa trúað því, að það væri á valdi stefnds að varna sér þeirra. — Framkvæmdarstjóri stefnds skýrir aftur á móti svo frá, að þegar er hann hafi orðið þess var, að stefnandi sótti um skuldskil gegnum skuldaskilasjóðinn, hafi hann tjáð honum, að stefndur myndi ekki samþykkja þau, nema veðskuld hans yrði greidd að mestu, en myndi ella yfirtaka bátinn upp í hana. Þegar hann hafi orðið þess var, að báturinn hafi aðeins verið virtur kr. 19500.00 í frumvarpinu til skuldaskilanna, kveðst framkvæmdarstjórinn á fundinum hafa mótmælt frumvarpinu. En þá hafi hann frétt, að stefnandi væri að leita sín og biði eftir sér í skrifstofu stefnds. Hafi þá fundinum verið frestað um hrið, og hann farið og haft tal af stefnanda. Kveðst hann hafa tjáð stefnanda það sama og áður um afstöðu stefnds til skuldaskilanna. Stefnandi hafi þá grátbeðið sig að samþykkja skuldaskilin, en hann haldið við fyrri ákvörðun. Hafi stefnandi þá boðizt til að samþykkja vixil, að fjárhæð kr. 2448.40, eða sem svaraði helmingi þeirrar lögveðskuldar, er taldar voru hvila á bátnum. Þetta kveðst framkvæmdarstjórinn loks hafa fallizt á sem greiða við stefnanda, en þó þannig, að stefnandi samþykkti ekki vixilinn, fyrr en að loknu samþykki skuldaskilafrumvarpsins. Kveðst framkvæmdarstjórinn síðan hafa farið og samþykkt frumvarpið, en er hann hafi komið aftur í skrifstofuna, hafi stefnandi samþykkt vixilinn og þakkað sér mjög vel fyrir hjálpina. — Hvor aðilja skýrir hér rétt frá, er óupplýst í málinu, en hins vegar þykir mega telja upplýst, að stjórn skuldaskilasjóðs og öðrum lánardrottnum stefnanda hafi verið þetta með öllu ókunnugt, og ekki er sannað gegn andmælum stefnanda, að því hafi nokkurn tíma verið hreyft við þá aðilja af hálfu stefnds, að hann hefði í huga að yfirtaka bátinn upp í skuldina, og skrifstofustjóri skuldaskilasjóðs hefur skýrt svo frá, að hann minnst þess ekki, að framkvæmdarstjórinn hafi nokkru sinni, hvorki fyrir né eftir fundarhléið, hreyft andmælum gegn skuldaskilafrumvarpinu.

Fyrrgreindur vixill féll í gjalddaga 1. ágúst 1938, en þá neitaði stefnandi að greiða hann. Var þá höfðað mál gegn honum til greiðslu vixilsins, er lauk á þá leið með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 27. október 1939, að stefnandi var dæmdur til greiðslu vixilsins ásamt vöxtum og málskostnaði, enda var ekki talið, að varnir þær, er stefnandi bar fram, gætu komið til álita í vixilmáli. Greiddi stefnandi dómskuldina þann 11. maí 1940 með fyrirvara um endurheimtu í sérstöku máli, og nam greiðslan alls kr. 2838.70. Höfðaði stefnandi síðan þetta mál til heimtu hinnar greiddu dómskuldar ásamt kostnaði þeim, er hann hafði haft af vixilmálinu, kr. 334.60, eða samtals kr. 3173.30, sem er stefnukrafan í máli þessu.

Byggir stefnandi kröfur sínar í þessu máli á sömu rökum og hann hafði uppi sér til varnar í vixilmálinu, þ. e. 1) að skuldin hafi verið að fullu greidd gegnum skuldaskilin, 2) að vixilskuldbindingin hafi

verið ógild, vegna þess að beitt hafi verið misbeitingu til að fá sig til að samþykkja vixilinn, og loks 3) á því, að með því að fá sig til að samþykkja vixilinn hafi framkvæmdarstjóri stefnds verið að knýja fram ólögmeta ívilnun til handa stefndum, en það hafi gert vixilskuldbinguna óbindandi fyrir sig. Af þessu leiði, að enda þótt hann hafi af réttarfarsástæðum verið dæmdur til að greiða vixilinn, þá beri nú að dæma stefndan til að endurgreiða sér hina greiddu fjárhæð samkvæmt vixildómnum, ásamt kostnaði þeim, er hann hafi haft af vixilmálinu.

Stefndur byggir þar á móti sýknukröfu sína í máli þessu á því, að vixilskuldbindingin hafi verið að fullu gild, og sé því ekki unnt að dæma sig til að endurgreiða fjárhæð þá, er hann hafi fengið greidda samkvæmt dómnum í vixilmálinu.

Svo sem áður er að vikið, er ekki unnt að sjá af því, sem fram er komið í máli þessu, hvor aðilja skýrir rétt frá um aðdraganda stofnunar framangreindrar vixilskuldbindingar. 1) En þegar litið er á alla aðstöðu stefnanda, þegar hann tók á sig skuldbindinguna, 2) að ekki er sannað, að stefndur hafi hreyft því við stjórn skuldaskilasjóðs, að hann ætlaði að yfirtaka bátinn upp í veðskuldina, né að hann hafi nokkru sinni hreyft andmælum gegn frumvarpinu, 3) að ósannað er, að hann hefði hlotið nokkurn hagnað um fram það, sem hann fékk við skuldaskilin, við að yfirtaka bátinn, og loks 4) þegar það er haft í huga, að stefndur leyndi bæði stjórn skuldaskilasjóðs og aðra lánardrottna stefnanda vixilskuldbindingunni, þá þykir verða að líta svo á, að til umræddrar vixilskuldbindingar hafi verið stofnað á þann hátt, að ógilt hafi verið gagnvart stefnanda. Ber því að dæma stefndan til endurgreiðslu hinnar greiddu dómskuldar, kr. 2838.70, ásamt 5% ársvöxtum frá 11. maí 1940. Hins vegar verður stefndur ekki dæmdur til að greiða stefnanda kostnað hans af vixilmálinu, enda gat stefnandi komið í veg fyrir hann með því að greiða vixilinn án málssóknar með fyrirvara um endurheimtu. — Þá verður að dæma stefndan til að greiða stefnanda málskostnað í máli þessu, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndur, H/f Fiskimjöl, greiði stefndanum, Sigurði Hallbjarnarsyni, kr. 2838.70 með 5% ársvöxtum frá 11. maí 1940 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lög-birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.